

FRÁSÖGN

af fjórðu þingmannaráðstefnu Norðlægu víddarinnar í Reykjavík 10.–11. maí 2015

Norðlæga víddin er samstarfsvettvangur Evrópusambandsins, Íslands, Noregs og Rússlands um þróun mála í norðanverðri Evrópu. Vettvangurinn var settur á fót árið 1999 og umræðuvettvangur þingmanna svæðisins árið 2009. Þingmannaráðstefnan er haldin annað hvert ár af þjóðþingum aðildarríkjanna þriggja og Evrópuþinginu til skiptis. Þátttakendur á ráðstefnunni í Reykjavík voru þingmenn Alþingis, norska Stórþingsins, Evrópuþingsins og rússneska þingsins, auk þingmanna áheyrnaraðilanna Norðurlandaráðs, Vestnorræna ráðsins, Þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál, Eystrasaltsráðs, Eystrasaltsþingsins og Þingmannaráðstefnu Eystrasaltsins. Af hálfu Alþingis sóttu ráðstefnuna Jón Gunnarsson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Guðbjartur Hannesson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Páll Valur Björnsson og Páll Jóhann Pálsson, auk Vilborgar Ásu Guðjónsdóttur og Örnur Gerðar Bang ritara.

Á fyrra degi ráðstefnunnar heimsóttu fundargestir höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem Bjarni Bjarnason forstjóri hélt erindi um jarðhitánytingu á Íslandi. Þaðan var haldið í Hellisheiðarvirkjun þar sem Elín Hallgrímsdóttir, vélaverkfræðingur hjá Mannvít, fjallaði um uppbyggingu og starfsemi virkjunarinnar.

Meginþemu ráðstefnunnar voru þróun stefnu norðlægu víddarinnar, umhverfisvæn orka, sjálfbær nýting lifandi sjávarauðlinda á norðurslóðum, félagsleg velferð og jafnrétti kynjanna. Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, setti ráðstefnuna. Í ræðu sinni lagði hann áherslu á hlutverk og frumkvæði þjóðþinga þegar kæmi að stefnumótun og samstarfi á norðurslóðum. Í stefnu Íslands á norðurslóðum væri lögð áhersla á að byggja á hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna við úrlausn álitafna sem upp kunna að koma í tengslum við norðurslóðir. Hann harmaði að eitt stórt ríki á svæðinu hefði ekki enn þá fullgilt samninginn og að annað stórt ríki á svæðinu hefði sýnt aukinn vilja til hernaðarlegrar viðveru á norðurslóðum og vísaði þar til Bandaríkjanna og Rússlands. Hann undirstrikaði að þróun, efnahagssamstarf og sjálfbær þróun væri lykillinn að árangri á öllu svæði Norðlægu víddarinnar og að hagsmunir frumbyggja yrðu að vera í fyrirrúmi í því sambandi. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var lykilræðumaður ráðstefnunnar. Hann ræddi hinar miklu breytingar sem einkenna norðurslóðir, aukinn áhuga ríkja í Evrópu og Asíu á þátttöku í stefnumótun sem og þann sess sem norðurslóðir skipa í umræðunni um loftslagsbreytingar og auðlindanýtingu. Í ljósi þessarar þróunar væri áriðandi að efla þátt lýðræðislegrar samræðu og framlag þingmanna til stefnumótunar á norðurslóðum. Hann lagði því til að þingmannafundur hinnar Norðlægu víddar yrðu framvegis haldnir árlega.

Í fyrsta hluta ráðstefnunnar um þróun stefnu Norðlægu víddarinnar sagði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra vettvanginn mikilvægan til að styrkja og dýpka samstarf aðildarríkjanna þriggja og Evrópusambandsins. Hann lagði áherslu á mikilvægi jafnréttis kynjanna á norðurslóðum og vísaði í nýlega skýrslu utanríkisráðuneytisins um málefnið sem sýndi skýrt að kynin hefðu ekki jafnan aðgang að efnahagstækifærum eða pólitískum áhrifum á svæðinu. Jafnrétti kynjanna væri mikilvægur hluti af þeirri stefnu Íslands að styrkja félagslega velferð og sjálfbæra þróun á svæðinu. Jörn Dohrmann, Evrópuþingmaður og formaður sendinefndar Evrópuþingsins gagnvart Íslandi, Noregi, Sviss og EES, sagði samstarf Norðlægu víddarinnar hafa verið árangursríkt. Fjölmörgum verkefnum hefði til að mynda verið hrint í framkvæmd í Norðvestur-Rússlandi. Samstarfið í dag væri hins vegar litað af stirðum samskiptum milli Evrópusambandsins og Rússlands vegna hlutverks Rússlands í átökunum í Úkraínu. Það væri ekki ósk Evrópuþingsins að aðgerðir Rússlands hefðu áhrif á

samstarf innan Norðlægu víddarinnar en ljóst væri að samstarfið ætti sér ekki stað í lagalegu og pólitísku tómarúmi. Eirik Sivertsen, þingmaður norska Stórþingsins og formaður þingmannanefndar um norðurskautsmál, lagði áherslu á að íbúar norðurslóða hefðu heimild til að nýta náttúruauðlindir sínar og þróa þannig atvinnuvegi og efnahagstækifæri. Hann sagði mikilvægt að ríki á norðurslóðum gerðu sitt til að árangursríkur samningur næðist á loftlagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í desember nk., á sama hátt og önnur heimssvæði. Georgy Karlov, þingmaður rússnesku Dúmunnar, sagði Norðlægu víddina hafa á stuttum tíma sannað sig sem samstarfsvettvang á jafningjagrundvelli í hag allra aðila. Það væri einstaklega mikilvægt í ljósi þess pólitíska landslags sem við stöndum frammi fyrir í dag þar sem refsiaðgerðir Evrópusambandsins gegn Rússlandi væru því miður byrjaðar að hafa neikvæð áhrif á ýmis verkefni Norðlægu víddarinnar. Rússland væri þó ekki að draga úr fjármögnun verkefna samstarfsins heldur að bæta í, sérstaklega þegar kæmi að umhverfismálum. Í kjölfar erinda kynntu fulltrúar samstarfsverkefna Norðlægu víddarinnar (e. partnerships) um umhverfismál, menningu og samgöngur, stöðu verkefnanna og helstu niðurstöður.

Í öðrum hluta ráðstefnunnar um græna orku fjallaði Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur, um sögu og tilurð hitaveitu í Reykjavík og Helga Ögmundardóttir, lektor við Háskóla Íslands, um samfélags- og menningarlegt samhengi orkuöflunar og orkunotkunar.

Í þriðja hluta ráðstefnunnar um sjálfbæra nýtingu lifandi sjávarauðlinda fjallaði Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, um haf- og fiskveiðirannsóknir og fiskveiðistjórnun á Íslandi, Steingrímur Jónsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, um áhrif ástands sjávar, veðurfarsveiflna og loftslagsbreytinga á lífríkið í Norður-Atlantshafi og Norður-Íshafi, og Julian Burgos, fræðimaður við Hafrannsóknastofnun, um þær áskoranir sem eru til staðar þegar kemur að viðkvæmum búsvæðum sjávar og fiskveiðum. Jón Gunnarsson, formaður Íslandsdeildar þingmannanefndar um norðurskautsmál, stýrði umræðum. Í máli sínu lagði hann sérstaka áherslu á mikilvægi þess að standa vörð um rétt íbúa norðurslóða til að nýta auðlindir sínar á sjálfbæran hátt og tryggja lífsviðurværi þeirra með því að opna markaði fyrir hefðbundnar vörur og framleiðslu.

Í fjórða og síðasta hluta um félagslega velferð og jafnréttismál fjallaði Höskuldur Þórhallsson, forseti Norðurlandaráðs, um verkefni Norðurlandaráðs á sviði lýðheilsu og félagslegrar velferðar. Þá ræddi hann um jafnrétti kynjanna og stefnu Íslands í því sambandi. Hann lagði sérstaka áherslu á hlutverk karla í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og talaði í því sambandi um herferð Sameinuðu þjóðanna HeforShe sem ætlað er að hvetja karlmenn á öllum aldri til að taka þátt í að útrýma kynjamisrétti. Hann hvatti aðildaríki og áheyrnarstofnanir Norðlægu víddarinnar til að taka virkan þátt í herferðinni, sem hluta af stefnu þeirra í átt að fullu jafnrétti kynjanna. Giedre Purvaneckiene, forseti Eystrasaltsráðsins og fyrrum lektor við Vilníusar-háskóla, fjallaði þá um jafnrétti og félagslega velferð í Eystrasaltsríkjunum og Auður Ingólfssdóttir, lektor við Háskólann á Bifröst, kynnti rannsóknir sínar um orðræðu um loftslagsbreytingar, norðurslóðir og alþjóðastjórnsmál út frá karl- og kvenlægum gildum.

Undir lok ráðstefnunnar lagði nefnd fulltrúa aðildarríkja og áheyrnaraðila fram ráðstefnuyfirlýsingu sem var samþykkt samhljóða. Unnur Brá Konráðsdóttir var formaður nefndarinnar og leiddi starf hennar. Í yfirlýsingunni er m.a. fjallað um endurnýjanlega orku, umhverfissvænar samgöngur, loftlagsmál, skapandi menningariðnað, kynjaða stefnumótun og brottflutning kvenna frá norðurslóðum. Þá er lögð sérstök áhersla á rétt samfélaga í norðri til að nýta auðlindir sínar á sjálfbæran hátt og mikilvægi þess að tryggja lífsviðurværi þeirra með því að veita þeim aðgang að mörkuðum. Loks er lagt til að skoðaður verði möguleikinn á að þingmannaráðstefna Norðlægu víddarinnar fari fram árlega.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og ritara Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.